

Hvað má gera til að vinna gegn hatursorðræðu- ábendingar til framtíðar

Margrét Steinarsdóttir

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands

Skilgreining hatursræðu

- * Sp og heimsstyrjöldin síðari
- * Engin alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hatursorðræðu
- * Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis (NAK almenn tilmæli nr. 35 um hatursárróður)
- * Tilmæli Evrópuráðsins nr. R(97)20:
 - * “the term "hate speech" shall be understood as covering all forms of expression which spread, incite, promote or justify racial hatred, xenophobia, anti-Semitism or other forms of hatred based on intolerance, including: intolerance expressed by aggressive nationalism and ethnocentrism, discrimination and hostility against minorities, migrants and people of immigrant origin”



Alþjóðaðaumurhverfi

Evrópa

- * MSE
- * Evrópusamningur um tölvuglæpi
 - * Viðbótarbókun um kynþáttahatur og útlendingahatur og dreifingu haturs á internetinu
- * Ráðherranefnd Evrópuráðsins, tilmæli nr. (97)20
- * Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI)
 - * almenn stefnutilmæli nr. 7 um lög ríkis til að berjast gegn kynþáttafordómum og kynþáttamismunun
 - * Yfirlýsing um notkun kynþáttahaturs, gyðingahaturs og útlendingahaturs í pólitískri umræðu



Íslensk löggjöf

- * Stjórnskipunarlög, 65. gr.
- * Ýmis ákvæði í löggjöf varðandi mismunun
- * Ákvæði í hegningarlögum, 125. gr. (guðlast) 180. gr. (vara. Þjónusta, aðgengi), 234. gr. (meiðyrði). Grein 233a hljóðar svo:
 - * „Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“
- * Fjölmiðlalög, ákvæði sem bannar hatursorðræðu.



Hlutverk fjölmiðla í hatursorðræðu

- * Fjölmiðlar geta jafnt verið sterkir bandamenn sem völdugir óvinir þegar að hatursorðræðu kemur
- * Fjölmiðlar verða að gæta varfærni og taka mið af því samfélagi sem þeir starfa í
- * Fjölmiðlar ættu að setja sér siðareglur
- * Markmið þeirra ætti að vera að auka jafnrétti og umburðarlyndi í samfélagi fremur en að hvetja til umburðarleysis og haturs

Fjölmiðlalæsi og hatursorðræða

- * Fjölmiðlalæsi er eins nauðsynlegt og almennt læsi
- * Líf okkar er orðið stafrænt
- * Þekking okkar stafar ekki aðeins af skólabókum heldur einnig því sem við tökum við í gegnum fjölmiðla
- * Við verðum að geta lesið fjölmiðla á gagnrýnninn hátt



Er breytinga þörf?

Skýrsla MRSÍ, tillögur:

- * Skoða ætti hvort þurfi að bæta fleiri mismununarástæðum inn í 65. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem fötlun, kynvitund og kynhneigð
- * Gera ætti breytingar á almennum hegningarlögum svo saksækja megi vegna hatursorðræðu á grundvelli almannahagsmuna og lýðræðissjónarmiða
- * Refsiþyngingarheimild í almenn hegningarlög; setja mætti annaðhvort sérstakt ákvæði eða bæta við mgr. í 70. gr. hgl. sem heimili að meta það til refsíþyngingar ef brot grundvallast á einhvers konar fordómum



Er breytinga þörf?

- * 27. gr. Fjölmiðlalaga: Vernd ákvæðisins nær ekki yfir einstök tilfelli hatursorðræðu heldur aðeins markvissa kyndingu undir slíku hatri (hatursáróður). Vert er nánari skoðunar hvort endurskoða þurfi þessa breytingu með hliðsjón af íslensku samfélagi og hvernig best megi bregðast við hatursorðræðu hér á landi. Einnig þarf að styrkja ákvæði þau sem taka á ábyrgð einstaklinga á hatursorðræðu og ábyrgð ritstjórnar á birtu efni í fjölmiðli.
- * Setja þarf sambærilega löggjöf um samfélagsmiðla (e. *social media*) og vefsíður sem falla utan gildissviðs fjölmiðlalaga (heimasíður, blogg, Twitter, Facebook o.fl.). Skoða þarf hvort setja skuli sérlöggjöf um netið eða hvort mögulega megi útvíkka fjölmiðlalögin þannig að þau nái einnig yfir ofangreint. Jafnframt þarf að tryggja eftirlit með slíkri löggjöf.



Er breytinga þörf?

- * Stjórnvöld setji sér heildstæða löggjöf um mismunun í samræmi við tilskipanir ESB um mismunun og alþjóðasamninga
- * Stjórnvöld ættu að móta sér heildstæða stefnu varðandi jafnrétti og mismunun ásamt því að setja sér aðgerðaáætlanir til að draga úr fordómum og mismunun í samfélaginu.
- * Söfnun upplýsinga, skrásetning og skýrslugerð eru nauðsynleg gögn til að varpa ljósi á stöðu minnihlutahópa, umfang mismununar og til að vinna markvisst gegn fordómum sem leitt geta til hatursorðræðu



Er breytinga þörf?

- * Fræðsla og kynning; auka þarf verulega fræðslu og kynningu alls staðar í samfélaginu og einnig meðal sérfræðinga, lögreglu, stjórnvalda og dómara
- * Auka þarf stefnumótun og þjálfun, hjá lögreglu, dómurum og öðrum opinberum embættismönnum
- * Innra eftirlit og siðareglur. Fjölmiðlar ættu almennt að setja sér siðareglur varðandi umfjöllun um minnihlutahópa og viðhafa eftirlit með framkvæmd þeirra

Er breytinga þörf?

- * Fjölmiðlar og stjórnendur netsíðna ættu að setja reglur um birtingu efnis, sem flokkast getur sem hatursorðræða, og þjálfa blaðamenn í umfjöllun um minnihlutahópa og viðkvæma hópa ásamt því að vinna gegn almennum viðhorfum sem ekki eru rétt
- * Vitundarvakningar og herferðir á netinu, í skólum og fjölmiðlum, netlæsi. Gera þarf átak í fjölmiðlalæsi hér á landi og mætti þá líta til verkefna í Svíþjóð, Þýskalandi og Bretlandi við þróun slíkra verkefna hér á landi